

SKÓLA- OG FRÍSTUNDARÁÐ

Ár 2026, 31. ágúst, var haldinn 317. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn hófst í fundarherberginu Hofi á Höfðatorgi, Borgartúni 12-14 í Reykjavík kl. 9.48. Eftirtalin voru komin til fundar í fundarherberginu Hofi: Bjarni Fritzson formaður (D), Hafrún Kristjánsdóttir (D), Hlédís Maren Guðmundsdóttir (M), Magnea Gná Jóhannsdóttir (B), Sanna Magdalena Mörtudóttir (A), Skúli Helgason (S) og Þorvaldur Davíð Kristjánsson (C). Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Guðrún Elísabet Ómarsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Indriði Nökkvi Þóreyjarson, Reykjavíkurráð ungmenna; Kristín Björnsdóttir, kennarar í grunnskólum og Þórunn Rósa Ólafsdóttir, skólastjórnar í grunnskólum. Auk þeirra eftirtaldir starfsmenn skóla- og frístundasviðs: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Arndís Steinþórsdóttir, Guðrún Sigtryggisdóttir, Hjörtur Ágústsson og Soffía Pálsdóttir. Eygló Traustadóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning og umræða um matsferil í grunnskólum. SFS26080109

Freyja Birgisdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans þakka fyrir kynninguna og fagna því að loksins sé byrjað að mæla námsárangur barna með samræmdum hætti. Með markvissum og samræmdum matsferlum skapast betri forsendur til að greina stöðu og framvindu barna og tryggja að viðeigandi stuðningur í námi berist á réttum tíma. Fulltrúarnir leggja áherslu á að áfram verði byggt á faglegri þekkingu, gagnreyndum aðferðum og góðu samstarfi við foreldra, forsjáraðila og skólasamfélagið þannig að matsferlar nýtist sem verkfæri til að efla námsárangur, farsæld og tækifæri allra barna. Fulltrúarnir telja þá mikilvægt að sveitarfélög fái niðurstöðurnar svo þau geti byggt skólakerfið upp út frá gögnum, fengið dýpri skilning á því hvar við stöndum og brugðist við þegar þörf er á.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Þakkað er fyrir ítarlega og góða kynningu Freyju Birgisdóttur á Matsferlinum, sem gefur skólum og sveitarfélögum löngu tímabæra yfirsýn yfir samræmda stöðu grunnskólanemenda eftir að samræmd próf voru lögð af vorið 2022 og ekkert kom í staðinn í heil fjögur ár. Skólarnir hafa fengið niðurstöðurnar og forráðamenn nemenda en Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög hafa enn ekki fengið niðurstöðurnar. Afar brýnt er að skóla- og frístundasvið og ráðið fái aðgang að heildarniðurstöðum frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem allra fyrst svo yfirvöld menntamála í borginni sem og annars staðar á landinu geti unnið með niðurstöðurnar til að geta gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að styðja enn betur við bakið á nemendum þar sem þörf krefur.

2. Lögð fram og kynnt skýrslan Lesmál, niðurstöður í 2. bekk grunnskóla vorið 2026. SFS26040028

Ásgeir Björgvinsson og Sigrún Jónína Baldursdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans fagna því að niðurstöður Lesmáls sýni framfarir í lestri meðal nemenda í 2. bekk og að þátttaka í mælingunni sé sú mesta frá upphafi. Niðurstöðurnar minna þó jafnframt á að verkefninu er hvergi nærri lokið. Áfram þarf að leggja ríka áherslu á snemmtæka íhlutun og markvissan stuðning við börn sem glíma við lestrarerfiðleika, auk þess að tryggja að þekking og árangursrík vinnubrögð dreifist á milli skóla. Sérstaklega þarf að bregðast við lakari árangri í lesskilningi samanborið við aðra þætti sem mældir eru og styðja markvisst við þá skóla þar sem niðurstöður eru lakari, í nánú samstarfi við foreldra og forsjáraðila. Læsi er einn mikilvægasti grunnurinn að farsæld barna og verður því áfram að vera í forgangi í skólastarfi Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að sjá að annað árið í röð fjölgar þeim nemendum í 2. bekk grunnskóla Reykjavíkur sem ná þeirri viðmiðunarfærni í lestri sem hæfir aldri þeirra og kallar ekki á sérstakan stuðning í lestri. Hlutfall þeirra hefur hækkað um 5 prósentustig í 70% á tveimur árum. Þá fækkar lítillega í þeim hópi barna sem þurfa einstaklingsáætlun en í þeim hópi eru nú 7% nemenda. Enn er þó verk að vinna ef borið er saman við niðurstöður Lesmáls á árinu 2021 þegar 75% nemenda voru með aldursvarandi færni í lestri og aðeins 4% nemenda þurftu einstaklingsáætlun. Ánægjulegt er að sjá að þátttaka nemenda í prófinu er nú sú mesta sem verið hefur eða 91%.

3. Lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. ágúst 2026, um breytingar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar ásamt reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar með merktum breytingum og nógildandi reglum.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs. SFS26060089

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans telja mikilvægt að börn og ungmenni hafi jafnan aðgang að upplýsingum um það fjölbreytta íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf sem í boði er. Upplýsingar um slík tækifæri skila sér ekki alltaf til allra barna og því getur samstarf skóla og þeirra sem halda úti frístundastarfi gegnt mikilvægu hlutverki við að vekja áhuga og auka þátttöku. Breytingarnar fela í sér skýrari heimild til að kynna uppbyggilegt starf í þágu barna og ungmenna, á forsendum skólastjórnenda og með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Þátttaka í skipulögðu frístundastarfi getur haft veruleg jákvæð áhrif á líðan, félagsfærni og sjálfstraust barna, auk þess að efla tengsl þeirra við jafnaldra og samfélagið. Mikilvægt er því að öll börn fái raunverulegt tækifæri til þátttöku, óháð bakgrunni eða aðstæðum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Litlar efnisbreytingar eru gerðar á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi, heldur fyrst og fremst minniháttar tilfærslur texta. Reglurnar voru rýmkaðar fyrir áratug til að heimila íþróttafélögum og öðrum þeim sem bjóða tómstundatilboð að kynna sína starfsemi á skólatíma eða starfstíma frístundastarfs í samráði við stjórnendur og starfsfólk. Það vekur þó athygli að ákvæði um að upplýsingum um tímasetningar og kostnað vegna æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða skuli beint til foreldra en ekki barnanna sjálfra var felld út í útsendri dagskrá en fulltrúinn fagnar því að breytingartillaga hafi verið samþykkt á fundinum sem tryggir að foreldrar hafi áfram góða yfirsýn yfir skipulag og kostnað við tómstundaiðkun barna sinna samhliða kynningum á íþróttastarfi fyrir börn í skólastarfinu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúinn samþykkir breytingarnar eftir að tillit var tekið til athugasemda varðandi það að upplýsingar um kostnað vegna æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða skuli beina til foreldra en ekki barnanna. Mikilvægt er að meðvitund sé um að stundum er skortur á upplýsingum ekki hindrun heldur fjárhagsleg staða sem hefur áhrif á það hvort að ungmenni taki þátt í skipulögðum frístundum eða ekki.

4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 13. ágúst 2026, þar sem óskað er eftir umsögn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs um aðgerðaáætlun Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030 ásamt umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, dags. 26. ágúst 2026, um aðgerðaáætlun farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins 2026-2030.

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs er samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar situr hjá við afgreiðsluna. MSS26070034

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingarinnar þakkar fyrir umsögn um fyrstu aðgerðaáætlun Farsældarráðs og lýsir stuðningi við þær aðgerðir sem ætlað er að efla samstarf, samræma verklag og bæta upplýsingaflæði milli þeirra aðila sem bera sameiginlega ábyrgð á farsæld barna. Hins vegar þarf að taka alvarlega gagnrýni Ríkisendurskoðunar á framkvæmd farsældarlaganna þar sem bent er á að góð samhæfing skili takmörkuðum árangri ef þjónustu og úrræði skortir. Stilla þarf upp skýrari mynd af þeim áskorunum sem börn og fjölskyldur á höfuðborgarsvæðinu glíma við í dag og hvernig þær aðgerðir sem hér eru lagðar fram eiga að bregðast við þeim. Mikilvægt er að farsældarráð verði ekki einungis vettvangur til að samræma verklag og upplýsingaflæði heldur einnig farvegur þar sem mið er tekið af sjónarmiðum þeirra sem starfa á vettvangi þjónustunnar um hvar stuðning eða úrræði skortir. Skýrari tenging þarf að vera milli þarfa barna og fjölskyldna, þeirra aðgerða sem lagðar eru til og þeirrar framtíðarsýnar sem stefnt er að. Ljóst er að innleiðingu farsældarlaganna fylgdu væntingar foreldra og annarra forráðamanna um fjölgun úrræða og betri þjónustu við börn með stuðningsþarfir, sem ekki hefur verið mætt með fullnægjandi hætti. Það þarf að vera í forgrunni næstu misserin að gera þar bragarbót á.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstrisins og áheyrnarfulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að vinna að því að taka tillit til kostnaðar við næstu fjárhagsáætlunargerð og gera ráð fyrir kostnaðinum í fjárheimildum. Fjallað er um menningarnæmi og millimenningarfærni en það mætti einnig fjalla um hvernig eigi að bregðast við rasisma þegar hann kemur upp. Varðandi farsældarereindrekanna (AI) þá er mikilvægt að tryggja að þegar stuðst er við tæknina með slíkum hætti verði gögn áreiðanleg.

5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 25. ágúst 2026, um afgreiðslu borgarráðs á breyttu stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. MSS26080087

Rannveig Einarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Stigið er stórt skref í að tryggja börnum og fjölskyldum í Reykjavík öflugri, samræmdari og áreiðanlegri þjónustu. Heimilisföng og stjórnkerfi borgarinnar ráða ekki lengur skipulagi þjónustunnar heldur þarfir barna og fjölskyldna. Í núverandi kerfi dreifist fagþekking á margar einingar og smærri teymi eru viðkvæm fyrir álagi, fjarvistum og manneklu. Stærri og öflugri fagteymi skapa betri möguleika á sérhæfingu sem nýtist þvert á borgina, eru álagsþolnari og veita starfsfólki öflugri faglegan stuðning. Þjónusta, verklag og viðmið verða samræmd svo fjölskyldur geti treyst á sambærilega þjónustu óháð búsetu. Jafnframt fæst betri yfirsýn yfir þjónustubörf, biðtíma, álag og árangur þjónustunnar. Verkaskipting velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs skýrist og einstaklingsmiðuð þjónusta við börn og fjölskyldur verður betur samþætt. Talmeinafræðingar, þroskaþjálfar, hegðunarráðgjafar og farteymi færast undir barna- og fjölskylduþjónustu velferðarsviðs. Þannig styttest boðleiðir, samfella í eftirfylgni styrkist og betri forsendur skapast til snemmtæks stuðnings. Á sama tíma verður faglegur stuðningur við skóla- og frístundastarf sameinaður í öflugri skóla- og frístundaþjónustu. Breytingarnar taka mið af þróun rafrænna lausna en nærþjónusta í hverfum, skólum og frístundastarfi verður áfram tryggð og styrkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi bókun:

Hægri meirihlutinn hefur samþykkt umfangsmiklar skipulagsbreytingar og mestu fjöldauppsagnir í áratugi innan borgarinnar. Skiljanlegt er að nýr meirihluti vilji gera breytingar en það er dapurlegt hve honum hafa verið mislagðar hendur í innleiðingu þeirra. Breytingarnar eru vanhugsaðar, lítt útfærðar og einkennast af miklu virðingarleysi við starfsfólk sem margt hefur átt langan og farsælan feril í þjónustu við borgarbúa. Gríðarlegur mannauður glatast og fjöldi faglegra leiðtoga hverfur á braut. Verulegar líkur eru á þjónustufalli við viðkvæma einstaklinga við slíkar aðstæður. Breytingarnar eru knúnar af pólitískri hugmyndafræði og einkennast af aukinni miðstýringu á kostnað nærþjónustu við börn, barnafjölskyldur og skjólstæðinga velferðar- og skólaþjónustu. Mikil hætta er á að jaðarsettir hópar sækji sér mun síður þjónustu þegar hún hverfur úr nærumhverfinu. Aðgerðir nýs hægri meirihluta fá því miður falleinkunn með tilliti til breytingastjórnunar við aðstæður þar sem sýna á starfsfólki virðingu og nærgætni. Forsvarsmenn meirihlutans boða enn frekari skipulagsbreytingar og sá fræjum óvissu meðal starfsfólks um alla borg með tilheyrandi vanlíðan og neikvæðum áhrifum á afköst og starfsánægju. Vanda þarf betur til verka til að afstýra alvarlegu ástandi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Meirihlutinn hafnar því að breytingarnar séu vanhugsaðar eða unnar án faglegs undirbúnings. Að baki þeim liggur umfangsmikil vinna og samtal milli sviða með það að markmiði að bæta þjónustu, skýra ábyrgð og nýta betur þann mannauð og fjármagn sem Reykjavíkurborg býr yfir. Jafnframt hefur Samfylkingin átt fulltrúa í hópnum sem hafði þær til umræðu. Skipulagsbreytingar eru ávallt krefjandi, ekki síst fyrir það starfsfólk sem þær snerta, og meirihlutinn ber fulla virðingu fyrir þeirri óvissu og þeim áhrifum sem breytingarnar geta haft á einstaklinga. Það breytir þó ekki þeirri ábyrgð sem kjörnir fulltrúar bera á að endurskoða skipulag borgarinnar þegar tilefni er til og tryggja að þjónustan sé sjálfbær, skilvirk og í takt við þarfir borgarbúa. Fullyrðingar um að markmiðið sé að draga úr nærþjónustu eða veikja þjónustu við viðkvæma hópa eiga ekki við rök að styðjast. Þvert á móti er markmiðið að einfalda kerfið, draga úr tvíverknaði og tryggja skýrari og samræmdari þjónustu. Tækifæri eru til þess að veita þjónustuna nær þjónustuþegum svo sem í skólum. Fagaðilar verða áfram virkir þátttakendur í innleiðingu breytinganna og sérstaklega verður fylgst með því að þjónusta við börn, fjölskyldur og aðra viðkvæma hópa raskist ekki.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Meirihlutinn ber alla ábyrgð á þeim tillögum sem lagðar voru fram á aukafundi borgarráðs fyrir viku síðan og Samfylkingin hafði sannarlega enga aðkomu að þeirri tillögugerð eða samþykkt. Auðvitað er ekki markmið að draga úr nærþjónustu eða þjónustu við viðkvæma hópa en það er því miður líkleg afleiðing aðgerða sem keyrðar eru í gegn með þeim hraða sem hér um ræðir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Miðflokkurinn telur málið jákvætt. Fjárhagslegt hagræði af fyrirhuguðum skipulagsbreytingum er áætlað um 900 m.kr. sem er um 15% af áætluðu gati milli tekna og rekstrarútgjalda borgarinnar og enn frekari áskoranir framundan á næsta ári. Það væri óábyrgt af borgaryfirvöldum að bregðast ekki við þessari alvarlegu fjárhagsstöðu, enda ógnar hún allri þjónustu sem borgin veitir. Það er mikilvægt að nýsamþykktar breytingar séu líklegar til að bæta þjónustu við borgarbúa, ekki síst börnin. Fram hefur komið að forvarnarmál hafi verið í ólestri undanfarin ár. Mikilvægt er að gæta að úrbótum í málafloknum og hagræðing má ekki bitna á því verkefni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Vinstrið gagnrýnir harðlega að fagraðin hafi ekki komið að umfjöllun um svo veigamiklar stefnubreytingar meirihlutans sem verið er að gera á skóla- og frístundaþjónustu og velferðarþjónustu og að fagfólk eigi að koma að innleiðingu breytinganna eftir á. Breytingarnar voru keyrðar í gegn í borgarráði með miklum flýti í sumarleyfi borgarstjórnar þar sem eingöngu hluti borgarfulltrúa fékk að koma að þessu máli. Ljóst er að það er illa undirbúið og niðurskurður mikill. Fulltrúi Vinstrisins tekur undir yfirlýsingar starfsfólks og stéttarféлага sem hafa borist líkt og frá Sameyki, Samfés og Fagfrí, Félagsráðgjafafélagi Íslands, Sálfræðingafélagi Íslands og Visku stéttarfélagi vegna fjöldauppsagna hjá Reykjavíkurborg.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva þakkar fyrir kynningu á stjórnkerfisbreytingum á skóla- og frístundasviði. Breytingarnar báru brátt að og ekki var haft samráð eða samtöl við starfsfólk frístundamiðstöðva. Að horfa á eftir fagfólki með áratugareynslu er erfitt. Við hefðum kosið aðra aðferðafræði en þá sem notuð var. Með stjórnkerfisbreytingunum eru frístundamiðstöðvar alfarið lagðar niður en fyrstu skref í þá átt að leggja frístundamiðstöðvar niður voru tekin fyrir fjórum árum þegar stjórnendur voru fluttir inn í fjórar miðstöðvar borgarinnar og stefna um frístundapjónustu ekki endurnýjuð. Síðustu fjögur ár hefur mikið verið skorið niður í forvarnarstarfi frístundamiðstöðva, eða um 1,2 milljarða og er nú nóg komið. Áhrif niðurskurðar síðustu ára og það sem við bætist núna er mikið högg og nauðsynlegt er að standa vörð um faglegt frístundastarf. Mikilvægt er að styðja starfsfólk í frístundastarfi í gegnum breytingarnar, hlusta á vettvang og bregðast við þeim raunveruleika að fækkað hefur verið í hópi starfsfólks. Skoða þarf starfsmat þeirra starfa sem að ekki eru lögð niður sé fyrirhugað að breyta þeim. Við trúum því að nýr meirihluti hafi metnað og vilja til að bæta í þjónustu við börn og unglinga fremur en að skera meira niður.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Meirihlutinn áréttar mikilvægi öflugs forvarna- og frístundastarfs fyrir börn og ungmenni. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi þátttöku í skipulögðu frístundastarfi og verður það áfram ein af megináherslum Reykjavíkurborgar. Til marks um þá áherslu hefur meirihlutinn meðal annars lengt opnunartíma frístundaheimila. Breytingunum er ekki ætlað að draga úr forvarnarstarfi heldur að styrkja þjónustu borgarinnar við börn og fjölskyldur og gera hana færanlegri þannig að börn geti fengið þjónustu nær sér t.a.m. í skólum. Jafnframt felast tækifæri í nýju miðlægu starfi utan um forvarnarmál, sem mun halda utan um málaflokkinn og stuðla að markvissara og samræmdara forvarnarstarfi þvert á borgina. Breytingar af þessu tagi eru alltaf krefjandi og meirihlutinn ber fulla virðingu fyrir þeim áhyggjum og tilfinningum starfsfólks sem breytingarnar snerta, ekki síst þeirra sem missa störf sín.

Áheyrnarfulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi tekur undir bókun áheyrnarfulltrúa stjórnenda frístundamiðstöðva sérstaklega um niðurskurð á forvarnarstarfi og skort á samráði. Aftur á móti er stofnun barna- og fjölskylduskrifstofu á velferðarsviði fagnað.

Áheyrnarfulltrúi kennara í grunnskólum leggur fram svohljóðandi bókun:

Við meiriháttar skipulagsbreytingar er varða skólastarf er farsælast að leita ráða og umsagna fagaðila sem starfa í kerfinu. Þeir fagaðilar sem hafa innsýn og aðstoða foreldra og nemendur sem sannarlega þurfa þjónustuna og nýta hana. Breytingarnar sem taka gildi á morgun, 1. september, gerast hratt og að því er virðist án nokkurs samráðs við skólasamfélagið. Við kynningu á fyrirkomulaginu er ýmsum spurningum ósvarað og mikilvægt að skýra nákvæmar hvaða áhrif þær muni hafa m.a. á störf kennara í skólum borgarinnar. Áheyrnarfulltrúi kennara gagnrýnir að kynning á breytingunum er lögð fyrir skóla- og frístundaráð daginn áður en þær taka gildi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Meirihlutinn áréttar að að baki ákvörðuninni liggur fagleg vinna sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið, með aðkomu bæði skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Ástæðan fyrir því að málið er tekið fyrir á fundinum í dag er sú að þetta er fyrsti fundur skóla- og frístundaráðs frá því að ákvörðunin var tekin í borgarráði síðastliðinn þriðjudag. Meirihluti skóla- og frístundaráðs leggur áherslu á að unnið sé í samstarfi við viðeigandi fagaðila á meðan breytingarnar eru innleiddar.

6. Fram fer umræða um fréttir af vettvangi skóla- og frístundastarfs. SFS26070077

7. Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í grunnskólum leggja fram svohljóðandi tillögu:

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjórnenda leggja til að skóla- og frístundaráð fái kynningu á öryggisstefnu borgarinnar, framkvæmd og verkferlum er varða hana. Í störfum sínum verða kennarar og starfsfólk skóla fyrir ofbeldi og geta í sumum tilvikum hlotið varanlegan skaða af. Afar mikilvægt er að í starfsumhverfinu sé verklag og verkferlar skýrir og starfsfólk sé tryggt í hættulegum aðstæðum.

Frestað. SFS26090008

8. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að upplýsingar um stöðu ráðninga í grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar verði lagðar fram á næsta fundi skóla- og frístundaráðs.

SFS26090009

9. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Samfylkingarinnar leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Mikill fjöldi faglegra leiðtoga og reynslumikils starfsfólks hverfur nú á braut vegna fjöldauppsagna í tengslum við skipulagsbreytingar á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Ástæða er til að hafa áhyggjur af því að þjónusta verði lakari við börn og fjölskyldur þeirra næstu vikur og mánuði ekki síst þar sem eftir er að útfæra ýmsar aðgerðanna. Rannsóknir sýna að viðkvæmir hópar og jaðarsettir einstaklingar sækja síður þjónustu ef hún er ekki í nærumhverfi þeirra og er ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af börnum með annað móðurmál en íslensku og börnum með sérstakar stuðningsþarfir. Hvernig mun sviðið bregðast við þeirri stöðu þegar þjónustan færir frá miðstöðvunum sem staðsettar voru úti í borgarhlutunum?

SFS26090010

10. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstreisins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú hefur skólaliðum í grunnskólum verið sagt upp en þeir hafa ekki eingöngu sinnt ræstingum heldur einnig veitt nemendum stuðning og aðstoð í gegnum skóladaginn. Ræstingum hefur verið útvistað til utanaðkomandi fyrirtækja. 1. Er gert ráð fyrir því að starfsfólk ræstingafyrirtækja taki að einhverju leyti við þeim verkefnum sem skólaliðar hafa sinnt gagnvart nemendum á skólatíma? Ef svo er, hvernig verður tryggt að það starfsfólk uppfylli hæfniskröfur sem gerðar eru til

starfsfólks grunnskóla? 2. Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að við ráðningu starfsfólks grunnskóla skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Hvernig verður tryggt að þessar kröfur séu uppfylltar gagnvart starfsfólki utanaðkomandi fyrirtækja sem starfa innan veggja grunnskóla? 3. Munu ræstingastarfsmenn eingöngu sinna störfum sínum eftir að skóladegi lýkur? Og ef svo er, hver mun taka við stuðningshlutverki gagnvart nemendum sem skólaliðar hafa hingað til sinnt? Hefur verið lagt mat á áhrif þess að þessi stuðningur falli niður eða flytjist til annarra starfsmanna?

SFS26080134

11. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Starf fyrir eldri ungmenni, 16+ starf Miðbergs og Hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar eiga sér bakland í starfsemi frístundamiðstöðvanna. Reykjavíkurráð ungmenna sækir fulltrúa sína til ungmennaráða frístundamiðstöðvanna. Hver verður framtíð þessara verkefna eftir hagræðingarbreytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem meirihluti borgarráðs samþykkti þann 25. ágúst sl.?

SFS26080135

12. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvernig er gert ráð fyrir því að starfsfólk frístundaþjónustu hafi möguleika á að sinna metnaðarfullu fagstarfi fyrir börn og fjölskyldur í hverfunum án þess baklands sem fellur niður með skipulags- og hagræðingaraðgerðum meirihlutans sem borgarráð samþykkti þann 25. ágúst sl.?

SFS26080136

Fundi slitið kl. 12:40

Bjarni Fritzson

Hafrún Kristjánsdóttir
Magnea Gná Jóhannsdóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Hlédís Maren Guðmundsdóttir
Skúli Helgason
Þorvaldur Davíð Kristjánsson